

Fundargerð 49. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, mánudaginn 18. maí kl. 11:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingebjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Umsögn sambandsins um drög að reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020- framlög úr jöfnunarsjóði. - 2003011SA

Farið var yfir helstu áhersluatriði sem fram komu í umsögn sambandsins.

Félagsþjónustunefnd lýsir miklum áhyggjum af því höggi sem að óbreyttu verður á fjárstreymi til þjónustu við fatlað fólk. Verði ekkert að gert gæti sú staða komið upp að sveitarfélögum sé ókleift að sinna lögbundinni þjónustu á þessu sviði. Nefndin kallar eindregið eftir því að brugðist verði hratt og örugglega við með skipan starfshóps sem vinni tillögur að aðgerðum. Markmiðið verði að bæta jöfnunarsjóði, og þar með sveitarfélögunum, upp þann samdrátt í tekjum til þessa viðkvæma málaflokks sem ella er viðbúið að skelli á með fullum þunga þegar líður á árið.

2. Staða verkefna í aðgerðarpakka ríkisstjórnar maí 2020 - 2003041SA

Farið yfir stöðu verkefna í aðgerðarpakka ríkisstjórnar maí 2020 sem snúa að félagsþjónustu sveitarfélaga. Í aðgerðum ríkisstjórnar er sett aukið fjármagn í eftirfarandi verkefni:

Sumarstörf fyrir námsmenn, stuðning við viðkvæm svæði og félagsþjónustu/barnavernd í dreifðari byggðum, stuðning við börn á tekjulægri heimilum til að stunda íþrótt- og frístundastarf, átak gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum, auknar forvarnir og stuðning við börn í skólum og eflingu heilsugæslu, stuðningur við viðkvæma hópa eins og eldri borgara, fatlað fólk og fólk af erlendum uppruna, aukið fjármagn í NPA og til verndaðra vinnustaða.

Félagsþjónustunefnd lýsir yfir ánægju með aðgerðinar sem munu nýtast vel þeim viðkvæmu hópum sem félagsþjónusta sveitarfélaga sinnir. Nefndin telur mikilvægt að vakta sérstaklega framboð sumarstarfa námsmanna og að ef fjöldi starfa sé ekki nægur verði bætt við eftir þörfum. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að í átaki gegn heimilisofbeldi renni aukið fjármagn einnig til sveitarfélaganna. Aukning heimilisofbeldismála og ofbeldis gegn börnum eykur álag á félagsþjónustu og barnavernd og taka þarf tillit til þess.

Friðrik Már Sigurðsson yfirgaf fundinn.

3. Leiðbeiningar um akstursþjónustu við fatlað fólk - 2005001SA

Í leiðbeinungum um akstursþjónustu er ákvæði um tilkall notenda til akstursþjónustu vegna þjónustu/meðferðar sem viðkomandi sækir tímabundið í annað sveitarfélag. Móta þarf samkomulag milli sveitarfélaga vegna slíkra ferða og mun sambandið gera tillögu að viðmiðunargjaldskrá sem tekur gildi 1. september 2020.

4. Minnisblað gráu svæðin - fjárhagsaðstoð. - 2001077SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sem félagsmálaráðuneytið og sambandið unnu að í samstarfi við Vinnumálastofnun er varðar hópa/einstaklinga sem eiga hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né fjárhagsaðstoð og hvort hægt sé að koma á mótis við þá á þessum erfiðu tímum. Minnisblaðið var sent stjórnendum velferðarþjónustu sem geta haft það til hliðsjónar ef félagsþjónustunefndir sveitarfélaga telji nauðsynlegt að gera tímabundna breytingar á verklagi fjárhagsaðstoðar.

5. Staða hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum. - 2004013SA

Kynning á fyrirhuguðum fundi sambandsins þann 19. maí n.k. þar sem farið verður yfir stöðu hjúkrunarheimila sem rekin er af sveitarfélögum eða með mikla tengingu við sveitarfélög. Markmið fundarins er að fá fram upplýsingar um viðhorf og mat sveitarfélaga á fjárhagslegri stöðu þessara heimila, til hvaða úrræða sé hægt að grípa og hvernig efla megi samstöðuna þegar kemur að viðræðum sveitarfélaga við Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisráðuneytið. Sérstök áhersla verður lögð á stöðu fasteignamála.

Fundi var slitið kl. 12:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir